

**VIÐAUKI  
VIÐ ÚRSKURÐ  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 1/2014**

**Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár**



**3. maí 2018**



---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 3. maí 2018 er tekið fyrir endurupptekið mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir, formaður óbyggðanefndar, Allan V. Magnússon varaformaður og Þorsteinn Magnússon.

Aðilar máls eru:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir lögmaður og Indriði Þorkelsson lögmaður.)

Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna fjallendis Hraunhrepps (Hítardalsfjallendis), fjallendis Álftaneshrepps (Álftaneshreppslands), fjallendis Borgarhrepps (Borgarhreppslands), Staðartungu og Beilárheiðar.

Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga.

(Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður.)

## 2 MÁL NR. 1/2014 ENDURUPPTEKIÐ

Úrskurður í máli nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, var kveðinn upp 11. október 2016. Málið var eitt af fimm málum sem óbyggðanefnd hafði til meðferðar á svonefndu svæði 8B, þ.e. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi, ásamt Langjökli.

Við meðferð mála á svæði 8B fylgdu norðurmörk þess hluta svæðisins sem fjallað var um í máli nr. 1/2014 upphaflega sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart Dalabyggð, eins og þau voru teiknuð á fyrirliggjandi uppdrætti á grundvelli staf-rænna gagna frá Landmælingum Íslands. Við rannsókn þeirra gagna sem fram komu við meðferð málsins kom í ljós að landamerki þeirra svæða sem þar var deilt um eru jafnan miðuð við vatnaskil að norðanverðu gagnvart landsvæðum í Dalabyggð. Óbyggðanefnd aflaði því gagna frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Þau gögn sýndu að sveitarfélagamörkin sem upphaflega réðu norðurmörkum þess svæðis sem var til umfjöllunar í málinu voru ekki að öllu leyti teiknuð í samræmi við vatnaskilin, þó svo að vatnaskilin ráði merkjum fasteigna samkvæmt gögnum málsins.

Í ljósi þessara gagna frá Veðurstofunni tók óbyggðanefnd ákvörðun um að breyta afmörkun svæðis 8B gagnvart svæði 9A til samræmis við legu vatnaskilanna að því leyti sem vatnaskilin liggja innan upphaflegra norðurmarka svæðis 8B. Um var að ræða smávægilega tilfærslu lína sem lögmenn voru upplýstir um við fyrirtöku í málinu 29. ágúst 2016. Að því leyti sem vatnaskilin liggja utan við þáverandi afmörkun svæðis 8B, en innan svæðis 9A, var aftur á móti ákveðið að svæðamörkunum skyldi haldið

---

óbreyttum, enda væri ekki hægt að stækka ágreiningssvæði á því stigi málsmeðferðarinnar. Við sömu fyrirtöku lýsti lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins því yfir að kröfulínur umbjóðenda hans væru færðar til samræmis við breytta legu svæðamarkanna og lögmenn íslenska ríkisins gerðu ekki athugasemdir við þessar breytingar.

Úrskurður í málinu var kveðinn upp 11. október 2016. Þar var niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti svonefnds fjalllendis Hraunhrepps sem liggur að mörkunum milli svæða 8B og 9A væri eignarland. Fjalllendi Álftaneshrepps, sem liggur þar austan við, var aftur á móti úrskurðað þjóðlenda og var niðurstaða nefndarinnar að mörk hennar að norðanverðu lægju um vatnaskil. Þar austan við er Víðidalur, sem jafnframt er þjóðlenda samkvæmt úrskurðinum, og afmarkast að norðanverðu af Sauðahrygg og vatnaskilum. Austan Víðidals er þjóðlenda á Mjóadal sem afmarkast einnig af vatnaskilum að norðanverðu samkvæmt úrskurðinum.

Norðan við þau landsvæði sem fjallað var um í máli þessu eru landsvæði sem deilt var um í máli nr. 3/2016 hjá á svonefndu svæði 9A hjá óbyggðanefnd, þ.e. Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandahreppi. Við meðferð máls nr. 3/2016 voru m.a. rannsókuð gögn um landamerki þeirra fasteigna sem liggja að suðurmörkum þess svæðis gagnvart umræddum landsvæðum í máli þessu. Þar sést að merkjum þeirra að sunnanverðu er almennt lýst um vatnaskil. Óbyggðanefnd aflaði því frekari gagna frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Í framhaldi af því tók nefndin ákvörðun um að endurupptaka mál nr. 1/2014 í því skyni að aðlaga úrskurðarlínur í málinu að réttum merkjum milli fasteigna á svæðum 8B og 9A og jafnframt til að tryggja að aðilar að báðum málunum fengi færi á að aðlaga kröfulínur sínar að vatnaskilunum, eftir því sem við ætti. Í þessu sambandi er rétt að áréttta að sú breyting sem áður hafði verið gerð á mörkum milli svæða 8B og 9A, sbr. áðurgreinda fyrirtöku 29. ágúst 2016, fól ekki í sér fulla aðlögun svæðamarkanna að vatnaskilum, þar sem ekki var talið unnt að stækka ágreiningssvæði máls nr. 1/2014 á því stigi meðferðar. Með því að mál nr. 1/2014 og 3/2016 voru tekin fyrir sameiginlega, með aðkomu málsaðila beggja vegna svæðamarkanna, var aftur á móti unnt að aðlaga frekar mörkin milli svæðanna. Lögmönnum var tilkynnt um þessa ákvörðun nefndarinnar við sameiginlega fyrirtöku í málum nr. 1–2/2014 og 1–3/2016, sem haldin var 25. ágúst 2017. Við sömu fyrirtöku voru lögmenn upplýstir um að þeir hefðu færi á að koma að sjónarmiðum varðandi þau merki sem sérstaklega eru til skoðunar í þessu sambandi.

Við sameiginlega fyrirtöku í málum nr. 1–2/2014 og 2–3/2016, 23. apríl 2018, upplýsti óbyggðanefnd lögmenn um að ákveðið hefði verið að við meðferð málsins endurupptekins yrði nefndin skipuð Ásu Ólafsdóttur, Allan V. Magnússyni og Þorsteini Magnússyni. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessa skipan nefndarinnar. Við málsmeðferð á svæði 9A aflaði óbyggðanefnd frekari gagna um vatnaskil milli svæða 8B og 9A og lét varpa vatnaskilunum inn á kröfulínukort málsins. Við sömu fyrirtöku gerði nefndin lögmönnum grein fyrir því að eftir rannsókn á þeim heimildum sem fram höfðu komið um landamerki þeirra svæða sem var deilt um á svæði 9A hefði

---

óbyggðanefnd ákveðið að gera frekari breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A, en áður hafði lögmönnum verið skýrt frá þessum breytingum með tölvupóstum. Í flestum tilvikum var um það að ræða að svæðamörkin voru færð til samræmis við legu vatnaskilanna. Lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins í þeim málum sem þarna voru tekin fyrir sameiginlega óskuðu eftir fresti til að svara því hvort kröfulínur yrðu aðlagðar að hinum nýju mörkum milli svæða 8B og 9A.

Við fyrirtöku 26. apríl 2018 lýstu lögmenn málsaðila því yfir að kröfulínur umbjóðenda þeirra skyldu færðar til samræmis við ákvörðun óbyggðanefndar um breytt svæðamörk.

### 3 NIÐURSTAÐA

Óbyggðanefnd hefur lagt mat á hvort framangreindar breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A, og aðlögun kröfulína málsaðila að hinum breyttu svæðamörkum, kalli á breytingar á úrskurðarorðum í málinu. Eins og að framan er rakið eru norðurmörk Þjóðlendna í málinu miðuð við vatnaskil og Sauðahrygg samkvæmt úrskurði nefndarinnar uppkveðnum 11. október 2016. Þær breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A sem hér um ræðir fólu það í sér að svæðamörkin voru færð til samræmis við legu vatnaskila og þau liggja áfram um Sauðahrygg með sama hætti og áður. Þar sem norðurmörk Þjóðlendnanna fjallendis Álftaneshrepps, Víðidalss og Mjóadals eru miðuð við vatnaskil samkvæmt úrskurðarorðunum kalla umræddar breytingar ekki á breytingar á þeim. Hér er því einungis um að ræða tilfærslu lína á korti sem rúmast innan úrskurðarorðanna. Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að úrskurðarorð í málinu skuli standa óbreytt að því er varðar mörk Þjóðlendu.

Nauðsynlegur kostnaður annarra en íslenska ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Nefndin hefur mótttekið málskostnaðaryfirlit lögmanna gagnaðila íslenska ríkisins vegna þeirrar vinnu sem féll til eftir að málið var endurupptekið og lagt mat á hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í málinu sbr. 2. mgr. sömu laga-greinar. Á þeim grundvelli hefur málskostnaðurinn verið ákvarðaður á þann hátt sem í úrskurðarorðum greinir og kemur sú fjárhæð til viðbótar þeim málskostnaði sem umræddum málsaðilum var ákvarðaður með úrskurði sem kveðinn var upp 11. október 2016.

---

#### 4 ÚRSKURÐARORÐ

Mörk þjóðlendna og eignarlanda, eins og þau voru ákvörðuð með úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016, skulu standa óbreytt að því frátöldu að úrskurðarlínur hafa verið aðlagðar að vatnaskilum á úrskurðarkortum eftir því sem við á.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns: Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna fjallendis Hraunhrepps, fjallendis Álftaneshrepps, fjallendis Borgarhrepps, Beilárheiðar og Staðartungu: 100.000 kr.

---

---

Ása Ólafsdóttir

---

Allan Vagn Magnússon

---

Þorsteinn Magnússon

## FYLGISKJAL: SKJALASKRÁ\*

### Lagt fram af óbyggðanefnd:

	12(12)	Fundargerð fyrirtöku, dags. 25.8.2017, þar sem málið var endurupptekið.
	12(13)	Fundargerð 2. fyrirtöku eftir endurupptöku, dags. 23.4.2018.
	12(14)	Fundargerð 3. fyrirtöku eftir endurupptöku, dags. 26.4.2018
16		Kort sem sýnir breytt mörk milli svæða 8B og 9A, dags. 23.4.2018.

---

\* Viðbót við fyrri skjalaskrá sem er fylgiskjal III með úrskurði í málinu uppkveðnum 11. október 2016.